

Mánudaginn 5. júní 1939.

Nr. 42/1939. **Réttvísín**

(Guðm. I. Guðmundsson cand. jur.)
gegn

**Gísla Guðjóni Þórðarsyni og
Margréti Ketilbjarnardóttur**

(Garðar Þorsteinsson).

Þjófnaður og hilming.

Dómur hæstaréttar.

Með því að fallast má á lýsing hins áfrýjaða dóms á brotum ákærðu Margrétar Ketilbjarnardóttur og ákvæði hans um refsingu hennar, þykir mega staðfesta héraðsdóminn að því leyti.

Bátfesti sú, er ákærði Gísli Guðjón Þórðarson skar frá báti Jóns bónda Loftssonar á Keisbakka, virðist að visu ekki hafa náð 30 króna virði, en með hliðsjón af því, að ákærði skildi bátinn eftir lausan, og sýndi þar með mjög mikið kæruleysi um eign annars manns, sem vel gat orðið þess valdandi, að hún eyðilegðist, þykir mega dæma ákærða refsingu í máli þessu samkvæmt 2. málsg. 6. gr. laga nr. 51/1928, enda þótt eigandi festarinnar hafi eigi krafizt málshöfðunar.

Það þykir ekki komin fram full sönnun þess, að ákærði Gísli hafi vitað um það, að ákærða Margrét hafði stolið refaskinni því, er hann lét selja að beiðni hennar og í héraðsdóminum getur, og þykir því eiga að sýkna hann af ákæru réttvísinnar um þetta atriði.

Þykir refsing ákærða Gísla hæfilega ákveðin 60 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi, en rétt

þykir einnig að fresta framkvæmd refsingar hans samkvæmt lögum nr. 39/1907, og falla skal hún niður að 5 árum liðnum, ef skilorð téðra laga verða haldin. Ákvæði héraðsdómsins um greiðslu iðgjalda og sakarkostnaðar þykir bera að staðfesta.

Eftir þessum málalokum verður að dæma hin ákærðu til að greiða in solidum allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, 80 krónur til hvors.

Það athugast, að héraðsdómarinn hefir ekki látið virða framangreinda bátfesti, og eigi er rannsakað nægilega, að hve miklu leyti ákærði Gísli kann að hafa haft ástæðu til að ætla, að ákærða Margrét kynni að hafa fengið framannefnt refaskinn að gjöf frá manni þeim, er hún játar sig hafa stolið því frá.

Því dæmist rétt vera:

Ákvæði héraðsdómsins um refsingu ákærðu Margrétar Ketilbjarnardóttur og um greiðslu iðgjalda og sakarkostnaðar í héraði eiga að vera óröskuð.

Ákærði Gísli Guðjón Þórðarson sæti 60 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi, en fresta skal framkvæmd refsingarinnar og niður skal hún falla að 5 árum liðnum, ef skilorð laga nr. 39/1907 verða haldin.

Hin ákærðu, Gísli Guðjón Þórðarson og Margrét Ketilbjarnardóttir, greiði in solidum allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og

verjanda fyrir hæstarétti, cand. jur. Guðmundar Guðmundssonar og hæstaréttarmálflutningsmanns Garðars Þorsteinssonar, 80 krónur til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

**Dómur aukaréttar Snæfellsness- og Hnappadalssýslu
7. nóv. 1938.**

Mál þetta er höfðað af hálfu réttvisinnar gegn Gísla Guðjóni Þórðarsyni, bónda til heimilis Bildsey í Stykkishólmsþreppi, og Margréti Ketilbjarnardóttur, til heimilis s. st., fyrir brot gegn 23. kapitula hinna almennu hegningarlaga frá 25. júní 1869 og lögum nr. 51 frá 7. maí 1928 um nokkrar breytingar til bráðabirgða á hegningarlöggjöf-inni og viðauka við hana.

Málavextir eru sem hér segir:

Ákærður hefir játað að hafa um 20. október f. á. stolið einni tunnu af saltkjöti, sem stóð á uppfyllingu við höfnina í Stykkishólmi, vestan við svonefnda Tangsbryggju, en tunna þessi hafði samkvæmt því, sem upplýst er í málinu, verið afhent á afgreiðslu skipaútgerðar ríkisins í Stykkishólmi, sem Kaupfélag Stykkishólms hefir á hendi, og átti að senda tunnuna til Keflavíkur með ríkisskipunum. Er ákærður stal kjöttunnunni, hafði hann komið til Stykkishólms frá Bildsey á trillubát, og flutti hann tunnuna á trillubátinum til Bildseyjar og lét hana inn í kompu inn af eldhúsinu í bænum í Bildsey. Ákærður hefir eindregið haldið fram, að hann hafi verið einn að verki, er hann stal kjöttunnu þessari og flutti hana út til Bildseyjar, og að enginn hafi verið í vitorði með honum um þennan verknað hans. En morguninn eftir að hann stal tunnunni, kveðst hann hafa sagt ákærðri Margréti Ketilbjarnardóttur frá tunnunni og hvernig hún væri fengin, og hafi ákærð átalið hann fyrir verknaðinn, en hin ákærðu hafa samkvæmt því, sem upplýst er í málinu, búið saman í Bildsey sem hjón frá því þau fluttu þangað vorið 1937, en eru ógift, og er ákærð Margrét Ketilbjarnardóttir, eða telst vera, ein eigandi að jörðinni Bildsey og áhöfn þeirri,

sem á jörðinni hefir verið í sambandi við búskap hinna ákærðu á jörðinni, en ekki ákærður. Kjötið úr tunnunni var því mest notað til matar á heimili hinna ákærðu í Bildsey.

Þá hefir ákærður játað að hafa tekið í heimildarleysi glerbrúsa, sem tók ca. 60 lítra og sem stóð úti nálægt höfninni í Stykkishólmi, eign Gests Bjarnasonar, bifreiðarstjóra í Stykkishólmi, og notað hann undir blóð, er hann fékk slátur hér í Stykkishólmi, og farið með brúsann til Bildseyjar, og virðist það samkvæmt því, sem upplýst er í málinu, hafa verið nokkru áður en hann tók kjöttunnuna. En hann heldur eindregið fram, að hann hafi ekki ætlað sér að slá eign sinni á brúsann, heldur hafi hann aðeins tekið brúsann „traustataki“ og ætlað að skila honum aftur, en hann hefir þó játað að hafa ekki skilað brúsanum aftur né látið eiganda hans vita um að hann tók brúsann, fyrr en er eigandinn spurði ákærðan um brúsann vegna þess að hann hafði frétt, að brúsinn mundi vera úti í Bildsey, og heldur fram, að hann hafi strax kannast við að hafa tekið brúsann, er Gestur Bjarnason spurði hann um það, en samkvæmt því, sem upplýst er í málinu, skilaði ákærður brúsa þessum nokkru eftir að Gestur Bjarnason hafði spurt hann um brúsann.

Fyrrnefndur Gestur Bjarnason hefir borið sem vitni í málinu, að umræddur brúsi hafi staðið úti hjá húsi Jóns Eyjólfssonar, kaupmanns í Stykkishólmi, en hafi horfið þaðan, og nokkru eftir að brúsinn hvarf, kveðst vitnið hafa frétt, að hann mundi vera úti í Bildsey, og kveðst vitnið því, er hann hitti ákærðan í Stykkishólmi skömmu síðar, hafa spurt ákærðan um brúsann og hafi ákærður ekki svarað því strax, en hafi viðurkennt, að brúsinn væri hjá honum, en hafi sagzt hafa fengið hann lánaðan hjá einhverjum, en ekki muna hjá hverjum. En ákærður neitar að hafa sagt vitninu, að hann hafi fengið brúsann lánaðan hjá einhverjum, en heldur fram, að hann hafi strax kannast við í samtalinu við vitnið, að hann hafi tekið brúsann án nokkurs leyfis.

Vitnið Björn Jóhannsson, sem vann að smíðum hjá ákærðum á umræddum tíma, hefir borið, að hann hafi orðið var við, er ákærður kom heim til sín með umræddan brúsa, og hafi þá verið blóð í honum, og kveðst vitnið

hafa haft orð á því við ákærðan, hve gott ilát hann hafi náð í undir blóðið, og hafi ákærður þá sagzt hafa tekið brúsann traustataki.

Þar eð ákærður virðist ekki hafa farið leynt með brúsa þennan eða hvernig hann var fenginn, verður að telja varhugavert að telja vist, að ákærður hafi ætlað að slá eign sinni á hann, þannig að um þjófnað sé að ræða, og verður því að telja, að hér sé aðeins um brot gegn 238. gr. hinna almennu hegningarlaga að ræða, og þar eð engin krafa hefir komið fram um, að honum verði refsað fyrir það, og samkvæmt niðurlagsákvæði nefnds lagaákvæðis ber því eigi að dæma hann til refsingar fyrir það.

Þá hefir ákærður og játað að hafa um mánaðamótin október—nóvember f. á., er hann var staddur í Stykkishólmi, skorið festi frá uppskipunarbát, sem lá við bryggju í Stykkishólmi, eign Jóns Loftssonar, bónda að Keisbakka í Skógarstrandarhreppi, og var það festi sú, sem báturinn var festur með við bryggjuna, og hefir ákærður játað að hafa skorið festina frá við hnífil bátsins og farið með hana út í Bildsey og fest bát sínum við hana, er þangað kom. Hann heldur fram, að hann hafi ekki ætlað sér að stela festi þessari, er hann skar hana frá bátnum, heldur hafi hann skorið hana frá bátnum vegna þess að hún hafi verið flækt saman við festi þá, sem bátur ákærðs var bundinn við, en er hann hafði skorið festina frá bátnum, hafi honum hugkvæmst að taka festina og halda henni. Er Jón Loftsson kom á umrædda bryggju og sá, að festin hafði verið tekin, sem virðist hafa verið rétt strax eftir að ákærður tók festina, kveður hann (J. L.) uppskipunarbátinn, sem ekki hafði verið festur á annan hátt en með festi þessari, hafa verið rekinn nokkra faðma frá bryggjunni, og hafi vindur staðið af landi, og hefði bátinn því fljótlega rekið langt frá landi, hefði þess ekki orðið vart, að hann var laus. Jón Loftsson frétti þá af því, að ákærður var nýfarinn frá bryggjunni, og taldi því líklegt, að hann hefði tekið festina, og fór hann því í Bildsey ásamt tveim öðrum mönnum og tók festina og fór jafnframt til ákærðs og lét hann vita af því, og hefir Jón Loftsson borið sem vitni í málinu, að ákærður hafi þá ekki borið á móti því, að J. L. ætti festina, en hafi sagzt ekki skilja í, hvernig festin hefði komizt um borð í sinn bát. Samkvæmt fram-

burði Jóns Loftssonar var festi þessi úr nýjum kaðli, um 8 faðma löng.

Ákærð hefir játað, að ákærður hafi skýrt henni frá, hvernig framangreind kjöttunna var fengin, morguninn eftir að hann tók tunnuna, og kveðst hún þá hafa ávitað ákærðan fyrir að fremja slíkan verknað, en hefir játað að hafa látið viðgangast, að kjötið var notað til matar á heimili þeirra, og að hafa matreitt það.

Eftir að rannsókn máls þessa hófst, fyrirskipaði dómsmálaráðuneytið framhaldsrannsókn hér og málshöfðun á hendur hinum ákærðu, út af þjófnæði, sem framinn var í Reykjavík, áður en hin ákærðu fluttu til Bildseyjar, er þau voru búsett í Reykjavík, en þar bjuggu þau saman, áður en þau fluttu til Bildseyjar, en rannsókn út af þeim þjófnæði hafði verið byrjuð í Reykjavík.

Ákærð hefir játað að hafa tekið tvö silfurrefaskinn frá Ólafi Hvanndal, Mjóstræti 6 í Reykjavík, í marzmánuði 1937, og hafi það atvikast þannig, að hún hafi komið til Ólafs að kvöldi og verið hjá honum um stund á skrifstofu hans og hún því næst verið um stund ein á skrifstofunni og hafi henni þá hugkvæmst að taka refaskinn, sem hún vissi, að Ólafur átti geymd í skáp í skrifstofunni, en það kveðst hún hafa vitað vegna þess að hún hafi áður, er hún var stödd í skrifstofunni, séð inn í skápinn. Skápurinn var læstur, og kveðst ákærð hafa opnað hann þannig, að hún hafi tekið hnif, sem hafi legið á borði í stofunni, og stungið hnifnum inn fyrir læsingarjárníð og opnað skápinn þannig og tekið 2 silfurrefaskinn úr skápnum og falið þau undir kápu sinni og farið því næst út og heim til sín, án þess að hitta Ólaf. Annað skinnið seldi ákærð sjálf daginn eftir fyrir 135 krónur, og fáum dögum seinna bað hún ákærðan að selja hitt skinnið, og tók hann það að sér, og seldist það fyrir 235 krónur, sem ákærður afhenti ákærðri. Ákærð hefir borið, að ákærður hafi spurt hana, hvernig hún hafi fengið skinnið, en heldur fram, að hún muni ekki, hvað hún hafi sagt honum um það, en kveðst muni hafa sagt honum, að hún hafi fengið skinnið hjá Ólafi Hvanndal og ákærður svo ekki grennslazt frekar eftir því, hvernig skinnið væri fengið, og kveðst hún ekki geta sagt um, hvort Gísla hafi grunað, að skinnið væri stolið. Ákærð kveður Ólaf Hvanndal hafa veitt henni áfengi kvöld

það, sem hún tók silfurrefaskinnin, og kveðst hún hafa verið undir áhrifum áfengis, er hún framdi þann verknað.

Ákærður hefir játað að hafa selt framangreint refaskinn samkvæmt beiðni hinnar ákærðu. Hann kveðst þó ekki hafa farið sjálfur með skinnið í verzlun þá, sem það var selt í, en kveðst hafa beðið annan mann, að nafni Ottó Simonsen, að fara með skinnið þangað, og hafi hann gert það og afhent ákærðum 235 krónur, sem hann fékk fyrir skinnið, og hefir ákærður kannazt við, að þeir peningar hafi verið notaðir til sameiginlegra heimilisþarfa hinna ákærðu.

Ákærður hefir borið, að ákærð hafi seint um kvöld komið heim til sín með umrætt skinn, og hafi sagt, að hún hafi fengið skinnið hjá Ólafi Hvanndal, og kveðst ákærður hafa spurt hana um, hvort Ólafur hafi gefið henni skinnið, og hafi hún ekki gefið neitt ákveðið út á það. Er ákærður fyrst var yfirheyrður um þetta af lögreglunni í Reykjavík, bar hann, að ákærð hafi ekki sagt honum berlega, að skinnið væri stolið, en að hann hafi grunað, að skinnið væri illa fengið. Er ákærður var litlu síðar yfirheyrður um þetta fyrir rétti í Reykjavík, bar hann, að hann hafi upphaflega ekki grunað neitt um, að skinnið væri stolið, kveðst vita til þess, að þau, ákærð og Ólafur Hvanndal, þekktust, og hafi Ólafur margoft hjálpað henni á ýmsan hátt, og þess vegna hafi hann ekki grunað, að skinnið væri stolið, fyrr en eftir að hann frétti, að horfið höfðu skinn frá Ólafi, en þá hafi hann verið búinn að selja skinnið, en hafi þá tekið að gruna, að skinnið, sem hann seldi fyrir ákærðu, væri illa fengið, og kveðst hann hafa átt við það í framburði sínum fyrir lögreglunni. Þennan framburð sinn hefir ákærður síðan haldið fast við, við rannsókn málsins.

Framan nefndur Ottó Simonsen hefir borið, að ákærður, sem þá bjó á Laugaveg 49 B í Reykjavík, hafi eitt sinn beðið hann að ganga með sér niður í bæ, og hafi ákærður haft bréfpoka meðferðis, og er þeir komu niður í bæinn, hafi ákærður sagt honum, að refaskinn væri í pokanum, og beðið Ottó að fara með skinnið til Þórodds Jónssonar, kaupmanns í Hafnarstræti, og selja honum skinnið, og hafi ákærður jafnframt sagt: „Það borgaði sig fyrir mig að fara á kendiri í gærkvöldi. Ég græddi helviti vænt

silfurrefaskinn,“ og hafi hann jafnframt sagt, að hann hafi stuttu áður selt annað silfurrefaskinn í sömu verzlun, og mundi þykja grunsamlegt, ef hann nú seldi annað. En samkvæmt því, sem upplýst er í málinu, hafði ákærðu nokkru áður verið gefið silfurrefaskinn, sem hin ákærðu seldu í nefndri verzlun. Ottó kveðst því næst hafa selt skinnið í nefndri verzlun og afhent strax ákærða, sem beið fyrir utan á meðan, peningana, sem hann fékk fyrir skinnið.

Ákærður hefir viðurkennt framangreindan framburð Ottós Simonsen réttan að öðru en því, að hann kveðst ekki muna eftir að hafa viðhaft þau orð, sem Simonsen hefir eftir honum í framburði sínum. En það hefir ekki náðst til Ottós Simonsen til yfirheyrslu í rétti hér eða til samþrófunar við ákærðan, eftir að rannsókn út af skinnþjófn-
aði þessum hófst hér.

Þó svo virðist samkvæmt því, sem upplýst er í málinu, sem ákærður kynni að hafa haft einhverja ástæðu til þess að ætla, vegna kunningsskapar milli ákærðrar og Ólafs Hvanndal, að Ólafur hafi gefið henni framangreint refs-skinn, verður þó samkvæmt hinum upprunalega framburði hans viðvikjandi þessu og með því, sem upplýst er viðvikjandi framkomu ákærðs í sambandi við sölu skinsins, að telja nægjanlega sannað, að ákærðan hafi grunað eða hann jafnvel vitað, að skinnið var stolið.

Það er ekki sannað í máli þessu, að hin ákærðu hafi framið önnur brot en að framan greinir.

Ákærður Gísli Guðjón Þórðarson er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur þann 10. september 1898. Með dómi lögregluréttar Reykjavíkur, uppkveðnum þann 14. nóvember 1934, var hann dæmdur í 10 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi og 800 króna sekt fyrir áfengisbruggun, en hefir annars ekki, svo vitað sé, sætt refsingu fyrir nokkurt lagabrot. Hann sat í gæzluvarðhaldi frá 11. desember f. á. til 24. s. m.

Með framangreindu framferði sínu (töku kjöttunnunnar og töku bátsfestarinnar) hefir ákærður að áliti réttarins brotið gegn 6. gr. laga nr. 51 frá 7. maí 1928, og með framferði sínu viðvikjandi silfurrefsskinninu hefir hann að áliti réttarins brotið gegn 240. gr. hinna almennu hegningarlaga, og þykir refsing sú, er hann hefir unnið til,

hæfilega ákveðin samkvæmt framangreindum lagaákvæðum, sbr. og 63. gr. hinna almennu hegningarlaga, 45 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi.

Ákærð Margrét Ketilbjarnardóttir er og komin yfir lögaldur sakamanna, fædd þann 5. ágúst 1899. Hún hefir ekki áður sætt refsingu fyrir nokkurt lagabrot.

Með framangreindu framferði sínu (töku silfurrefaskinnanna) hefir ákærð að áliti réttarins brotið gegn 6. gr. laga nr. 51 frá 7. maí 1928, og með því að notfæra sér ásamt ákærðum framangreint kjöt, sem hún vissi, að var stolið, hefir hún að áliti réttarins brotið gegn 240. gr. hinna almennu hegningarlaga, og þykir refsing sú, er hún hefir unnið til, samkvæmt framangreindum lagaákvæðum, sbr. og 63. gr. hinna almennu hegningarlaga, hæfilega ákveðin 45 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi. En fullnustu refsingar hennar þykir mega fresta og hún falla niður að 5 árum liðnum frá uppkvaðningu dóms þessa, ef skilorð laga nr. 39 frá 16. nóvember 1907 eru haldin.

Kaupfélag Stykkishólms í Stykkishólmi hefir krafizt þess, að ákærður verði dæmdur til þess að greiða félaginu kr. 165.00 í skaðabætur fyrir framangreinda kjöttunnu, og hefir ákærður samþykkt þá kröfu, og ber því að taka hana til greina og dæma ákærðan til þess að greiða Kaupfélagi Stykkishólms þessa upphæð.

Loks ber að dæma hin ákærðu til þess, annað fyrir bæði og bæði fyrir annað (in solidum), að greiða allan kostnað sakarinnar.

Það er gerð grein fyrir því í prófum málsins, hversvegna rannsókn þess var ekki lokið fyrr en gert var, en á málinu hefir enginn óþarfur dráttur orðið.

Því dæmist rétt vera:

Ákærður Gísli Guðjón Þórðarson sæti 45 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi.

Ákærð Margrét Ketilbjarnardóttir sæti og 45 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi. En fullnustu refsingar hennar skal fresta og hún falla niður að 5 árum liðnum frá uppkvaðningu dóms þessa, ef skilorð laga nr. 39 frá 1907 eru haldin.

Ákærður Gísli G. Þórðarson greiði Kaupfélagi

Stykkishólms kr. 165.00 innan 15 sólarhringa frá lögbirtingu dóms þessa.

Hin ákærðu greiði, annað fyrir bæði og bæði fyrir annað, allan kostnað sakarinnar.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Miðvikudaginn 7. júní 1939.

Nr. 102/1938. **Jón Gunnarsson f. h. Sildarverk-smiðja ríkisins á Siglufirði**

(Jón Ásbjörnsson)

gegn

Bæjarstjóra Siglufjarðar f. h. bæjar-sjóðs (Einar B. Guðmundsson).

Lögtak fyrir fasteignaskatti til bæjarsjóðs.

Dómur hæstaréttar.

Áfrýjandi, sem skotið hefir máli þessu til hæstaréttar með stefnu 8. október f. á., krefst þess: Aðallega að fjárhæð sú, sem lögtak er heimilað fyrir, verði lækkuð niður í kr. 17151.00, en til vara, að fjárhæðin verði færð niður í kr. 19399.00. Ennfremur krefst hann málskostnaðar fyrir hæstarétti, hvernig sem málið fer. Stefndi krefst þess hinsvegar, að lögtakið verði staðfest fyrir kr. 22255.00, en til vara, að það verði staðfest að því er varðar kr. 19399.00. Svo krefst hann og málskostnaðar fyrir hæstarétti, hvernig sem málið fer.

Í máli þessu er deilt um, hversu mikinn fasteignaskatt áfrýjandi eigi að leysa af hendi til bæjarsjóðs Siglufjarðar af húsum sínum, mannvirkjum og lóðarréttindum á Siglufirði samkvæmt reglu-